



320. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 3. mars 2022 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Á Teams: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud og Knútur G. Hauksson.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti og Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni á vettvangi skrifstofunnar. Töluverð forföll hafa verið á skrifstofu vegna COVID-19 undanfarnar vikur. Jafnvægi er að komast á eftir Vetrarólympíuleikana en nú er áherslan á skrifstofu meðal annars á vinnslu umsókna í Ferðasjóði Íþróttafélaga, skoðun skipulags- og starfsmannamála og undirbúning EYOWF.

2. Fagsviðin

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór, í forföllum Þóreyjar Eddu, yfir helstu verkefni Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Vetrarólympíuleikarnir í Peking

Öll framkvæmd var flókin vegna COVID-19 og einn íslensku keppendanna greindist með veiruna þegar út var komið. Þrátt fyrir allt náðist nokkuð góður árangur í sumum keppnisgreinum íslenska hópsins.

EYOWF í Vuokatti

Undirbúningurinn stendur sem hæst. ÍSÍ mun senda keppendur í alpagreinar, skíðagöngu, bretti og listskauta. Búið er að velja Sigríði Dröfn Auðunsdóttur í hlutverk ungs liðsauka á EYOWF en hún mun annast fréttaflutning frá hátíðinni á miðlum ÍSÍ.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Góð þátttaka er á vorönn þjálfaramenntunarinnar en um 50 manns eru skráðir í nám á þeim þremur stigum sem kennd verða. Kennsluefni þjálfaramenntunar er í endurskoðun. Verið er að undirbúa tvær ráðstefnur, í samstarfi við fleiri, í vor og sumar, Erasmus+ verkefnið 5C er í fullum gangi og verður áfangaskýrslu skilað í næstu viku. Einnig er skólaverkefni í gangi í tengslum við EYOF. Norræn ráðstefna um börn og ungmenni í íþróttum er fyrirhuguð síðar á árinu og samkvæmt venju verður fyrirfram ákveðnum sérsamböndum boðin þátttaka. ÍSÍ hefur greitt fyrir annan af tveimur þátttakendum hvers sambands og fyrir tvo fulltrúa frá ÍSÍ.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Lífshlaupinu er nýlokið. Einhver fækkun var á milli ára en samt voru skráðir 16.965

þátttakendur. Sótt verður um Íþróttaviku Evrópu til tveggja ára í senn. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir skýrði frá umræðum í Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ varðandi framtíðina. Almennar umræður urðu um málið og ýmsir möguleikar ræddir.

3. Fjárhagsupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram uppfærða skiptingu á ríkisstyrknum þar sem framlagið var hærra en áður hafði verið reiknað með. Tillagan samþykkt.

4. Yfirlýsing ÍSÍ og staða mála vegna innrásar Rússa í Úkraínu

Forseti fór yfir yfirlýsingu ÍSÍ vegna málsins, sem stjórn samþykkti með rafrænum hætti á milli funda. Alþjóðaólympíunefndin hefur nú meinað Rússum og Hvít-Rússum þátttöku á Paralympics vegna þrýstings frá öðrum þáttökulöndum.

Samþykkt að senda hvatningu út til sambandsaðila ÍSÍ um að gæta sérstaklega að börnum af rússneskum uppruna í íþróttahreyfingunni og allri orðræðu í þeirra umhverfi innan hreyfingarinnar.

5. Aflétting takmarkana á samkomum vegna heimsfaraldurs

Framkvæmastjóri fór yfir stöðu mála. Búið er að aflétta öllum takmörkunum og ætti íþróttastarfið í landinu nú að geta farið fram með hefðbundnum hætti. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þennan ánægjulega og langþráða áfanga.

Forseti skýrði frá stöðu mála varðandi viðræður við stjórnvöld um frekari fjárstyrki til íþróttahreyfingarinnar vegna tekjufalls og áhrifa COVID-19 á síðustu mánuðum. Skrifstofa ÍSÍ hefur unnið ýmis gögn vegna málsins og afhent ráðuneytinu, málinu til stuðnings.

6. Heimsókn ráðherra

Ásmundur Einar Daðason, nýr ráðherra íþróttamála heimsótti höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 25. febrúar sl. Ráðherra fundaði með forseta, 2. varaforseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra en með ráðherra voru einnig tveir sérfræðingar úr ráðuneytinu. Ákveðið var að koma á reglulegum fundum ráðherra með forsvarsfólki ÍSÍ.

7. Heimsókn borgarstjóra

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og fylgdarlið heimsóttu höfuðstöðvar ÍSÍ í gær í tilefni þess að borgarstjóri er með bækistöð í Laugardalnum þessa dagana. Borgarstjóri fundaði með forseta og formanni ÍBR og voru ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar rædd, þar á meðal þjóðarleikvangar.

8. Erindi frá Ólympíunefnd Möltu

Framkvæmdastjóri skýrði frá erindi frá Ólympíunefnd Möltu þar sem ÍSÍ er boðin þátttaka í alþjóðlegu móti sem haldið verður í október 2022. Búið er að kalla eftir upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ varðandi áhuga á þátttöku en ljóst er að þetta er ekki verkefni sem ÍSÍ kostar.

9. Vinnuhópar ÍSÍ

Farið yfir stöðu mála hjá vinnuhópum:

- Vinnuhópur um verkferla og heimildir
Átti að skila af sér 1. mars sl. Vinnsla skýrslu er á lokastigi en nokkrar tafir hafa orðið á starfi hópsins vegna COVID-19 veikinda.
- Vinnuhópur um íþróttahéruð
Vinnuhópurinn hefur fundað tvisvar sinnum. Verið er að safna gögnum til vinnslu.
- Vinnuhópur um lottóskiptingu
Ekki hefur verið haldinn fundur í hópnum nýlega.
- Vinnuhópur um tryggingamál – Niðurstaða liggur fyrir en Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ á eftir að taka hana til umfjöllunar.

10. Samningar við Ólympíufjölskyldu

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála.

11. Húsnæðismál í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Viðræður eru í gangi við UMFÍ um húsnæði í miðstöðinni og munu þau mál væntanlega skýrast um næstu mánaðamót.

12. Starfsskýrslukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu mála. Stefnt er að opnun nýs skilakerfis 1. apríl nk. Prófanir hafa gengið vel. Mögulega verður að framlengja skilafrest starfsskýrslna eitthvað vegna innleiðingar á nýja kerfinu.

13. Ferðasjóður ÍSÍ

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála. Yfirlestur hefur verið seinlegur vegna manneklu og umfangs og flækjustígs umsókna. Heimild gefin til rafrænnar afgreiðslu á tillögu að úthlutun, ef hún liggur fyrir á milli funda.

14. Heiðranir

Rafrænar samþykktir:

Helgi Jóhannesson – Gullmerki ÍSÍ. Merkið var afhent á ársþingi Karatesambands Íslands.

Aðrar tilnefningar:

Samþykkt að veita Ragnari Emilssyni, Golfklúbbi Húsavíkur, Silfurmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu golfíþróttarinnar á svæði HSP.

Samþykkt að veita Ómari Braga Stefánssyni Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu íþróttá svæði UMSS og fyrir UMFÍ.

Samþykkt að veita Gunnari Sigurðssyni Silfurmerki ÍSÍ fyrir störf í þágu frjálsíþróttá.

15. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram og staðfestar:

- 319. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundur Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 2. mars 2022
- Laganefndar frá 22. febrúar. **Tillögur laganefndar að afgreiðslu erinda samþykktar.**

16. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

17. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Framkvæmdastjóri mun senda út tillögu að næsta fundi stjórnar síðar í mánuðinum.

18. Önnur mál

Málefni TKÍ

Framkvæmdastjóri og Úlfur H. Hróbjartsson fóru yfir þá stöðu sem komin er upp í stjórn sambandsins, meðal annars vegna úrsagna stjórnarfólks.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir